



Ársskýrsla 2024 – 2025

Stjórnandi Litlu Lúðró	Anastasia Kiakhidi
Stjórnandi Gemlingasveitar	Anastasia Kiakhidi
Stjórnandi Stóru Lúðró	Martin Markvoll
Stjórnandi Víkingasveitar	Martin Markvoll

Litla Lúðró

Þverflauta	Ingunn Arna Rúnarsdóttir Nína Elsa Martinsdóttir Markvoll
Klarinett	Sóley Georgsdóttir
Kornett	Kristín Ósk Sigurðardóttir (byrjaði í mars) Svandís Lilja Patryksdóttir (byrjaði í mars)
Barítónhorn	Lárus Jóhann Steinarsson (byrjaði í mars)
Slagverk	Hallvarður Hinrik Sigurðsson Matthías Ari Atlason (bara á haustönn)

Gemlingasveit

Þverflauta	Katrín Lára Árnadóttir
Klarinett	Hildur Bára Magnúsdóttir Martyna Barbara Motyka Nikola Kiersznowska
Kornett	Ásta Líf Guðmundsdóttir Hera Bjarklind Gunnarsdóttir (bara á haustönn)
Barítónhorn	Fjölur Þór Jónsson
Píanó	Hulda Mjöll Guðmundsdóttir Arney Kúld Arnórsd. Mariudóttir
Slagverk	Kinga Maszota (hætt í mars) Jóhann Flóki Viglundarson (byrjaði í apríl)

Stóra Lúðró

Þverflauta	Emiliana Káradóttir (hætt í mars) Gerður Nönnu Hjaltadóttir (hætt í mars) Hjördís Ella Hauksdóttir
Klarinett	Brynja Rún Rúnarsdóttir Gabríel Góí Jóhannsson Julia Krystyna Kowalska
Altsaxófónn	Jón Dagur Jónsson Oliver Már Jóhannesson
Kornett/Trompet	Igor Mikolaj Kowalski Kristofer Dean Campbell Valentina Cara Eyþórsdóttir (bara á haustönn) Wojciech Ryszard Kowalski
Franskt horn	Bence Petö (einnig trompet)
Básúna	Chayanan „Jenný“ Chanthranuwong (bara á haustönn) Gergö Petö
Píanó	Eyborg María Bergmann (hætt í mars)
Klukkuspil	Efemía Rafney Sveinsdóttir
Rafbassi	Hákon Rúnar Hólmgeirsson
Slagverk	Alex Ýmir Gunnlaugsson Ármann Ingi Hafþórsson Hjaltalín Gabríel Már Hoffmann Elvarsson

Víkingasveit

Þverflauta	Anastasia Kiakhidi, kennari
Klarinett	Brynja Rún Rúnarsdóttir Julia Krystyna Kowalska
Altsaxófónn	Jón Dagur Jónsson
Kornett/Trompet	Bence Petö Igor Mikolaj Kowalski Kristofer Dean Campbell
Básúna	Gergö Petö
Píanó/Klukkuspil	Sesselja Arnþórsdóttir
Rafbassi	Hákon Rúnar Hólmgeirsson
Slagverk	Arnar Franz Hauksson

Foreldrafélag

Í stjórn voru Anna Hallgrímsdóttir, Edda Baldursdóttir, Adela M. Turloiu, Anna Margrét Ólafsdóttir og María Kúld. Starf foreldrafélagsins var hefðbundið á þessu ári; haldið var utan um æfingabúðir, fjáröflun og búningamál.

Ný hljóðfæri

Engin ný hljóðfæri voru keypt á þessu ári.

Starfsárið 2024 - 2025

- 7. september** **Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró og Víkingasveit**
11. september **Fyrsta æfing haustsins hjá Gemlingasveitinni**
5. nóvember **Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró**

8. nóvember – Æfingabúðir hjá Gemlingasveitinni

Á föstudegi voru æfingabúðir fyrir Gemlingasveit. Við æfðum vel í hópum og síðan allir saman. Kennarar voru Martin, Anastasia og Hafþór. Gemlingasveitin æfði Lúðrasveitarsamba, Súltublús, Stykkishólmur, Mæja átti litið lamb, Stígvélalag og Bjart er yfir Betlehem. Eftir samæfingu voru tónlistarleikir með verðlaunum. Seinnipartinn voru haldnir tónleikar fyrir foreldra og vini. Æfingabúðunum lauk með pizzaveislu og bíómynd.

9. nóvember – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró og Víkingasveitinni

Á laugardegi voru æfingabúðir í tónlistarskólanum. Þrír nemendur úr Tónlistarskóla Grundarfjarðar og kennarinn þeirra mættu. Frá Snæfellsbæ komu tveir bræður, en þeir eru vanir að æfa með okkur í hverri viku. Kennarar voru Martin, Anastasia, Haffi, Hólmgeir ásamt Baldri O. Rafnssyni frá Grundarfirði. Dagskráin var hefðbundin, en Víkingasveitin æfði í klukkutíma á meðan þau yngri fóru í sund. Ekki var leyfilegt að vera með síma á æfingabúðunum. Krakkarnir áttu góða stund saman og léku sér langt fram á kvöld.

14. nóvember – Hausttónleikar í sal tónlistarskólans

Fimmtudaginn 14. nóvember voru hausttónleikar í sal tónlistarskólans. (Kirkjan var upptekin.) Steinunn María Þórsdóttir var kynnrir. Gemlingasveitin spilaði *Sultublús*, *Stykkishólmur*, *Stígvélalagið*, *Mæja átti litið lamb* og *Lúðrasveitarsamba*. Litla Lúðró spilaði *Haustlag*, *Kóngurinn kemur* og *Tröllamars*. Víkingasveitin spilaði *Hedwigs Theme*, *Thula Thula* og *Dovregubben i Valdres*. Stóra Lúðró spilaði *We Will Rock You*, *A Mozart Mix*, *Chorale from Jupiter*, *Tequila* og *3 C Rock*.

12. desember – Gemlingasveitin í leikskólanum

Miðvikudagsmorgun kl. 09:30 voru haldnir tónleika í leikskólanum. Krakkarnir sýndu börnunum hljóðfæri og spiluðu jólalög.

18. desember – Hátíðartónleikar í Stykkishólmskirkju

Miðvikudaginn 18. desember voru jólatónleikar tónlistarskólans í kirkjunni kl. 18:00. Litla Lúðró spilaði *Jólaflukkur*. Víkingasveitin spilaði *Nóttin var sú ágæt ein*. Stóra Lúðró spilaði *Snæfinnur snjókarl*. Litla Lúðró, Gemlingasveitin, Stóra Lúðró og Víkingasveitin spiluðu síðan *Bjart er yfir Betlehem* þar sem allir tónleikagestir sungu með.

14.-16. febrúar – Landsmót SÍSL fyrir C-sveitir á Akureyri

Átta nemendur úr Víkingasveitinni lögðu af stað til Akureyrar fyrir hádegi á föstudag. Fararstjórar voru Martin Markvöll og Haukur Garðarsson. Okkar nemendur voru flestir í „grænni sveitinni“ (8.-9. bekkur) en einn var í „bláu sveitinni“ (10. bekkur og eldri). Allir 170 nemendurnir spiluðu einnig saman nokkur lög, m.a. *Pursafóníu*.

Gist var í Brekkuskóla og fór mjög vel um okkur þar. Flestar æfingar fóru fram í Hofi, en þar voru líka lokatónleikar á sunnudag. Þetta var mjög vel heppnað mót og allir komu ánægðir heim á sunnudagskvöld.

15. mars – Æfingabúðir hjá Gemlingasveitinni og Litlu Lúðró.

Laugardaginn 15. mars voru æfingabúðir hjá Gemlingasveitinni og Litlu Lúðró í Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Kennarar voru Martin, Anastasia, Alexandra, Haffi og Linda. Nemandi frá Grundarfirði og Patreksfirði gekk til liðs við okkur og spilaði í báðum hljómsveitum. Lögin sem æfð voru: Gemlingasveit – *Hr. Lúðró, Stígvélalagið, Sultublús, Lúðrasveitarsamba, Þorrasnarl (Baby Shark), Hólmurinn (Stykkishólmur), og Mæja átti lítið lamb*. Litla Lúðró – *Haustlag, Kóngurinn kemur, Tröllumars, Nem Kwela, Trúðadans, Rokk og Spánn*. Við vorum að undirbúa vortónleikana sem voru 8. maí. Við borðuðum saman, spiluðum hópaleiki, fórum í klifurhúsið og við tókum upp myndbandslög fyrir foreldra um kvöldið. Dagurinn endaði með pizzuveislu.

21. mars – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Föstudaginn 21. mars kl. 14:00 – 19:30 voru æfingabúðir í tónlistarskólanum. Við ætluðum að æfa á laugardag, en þátttakan var ekki nógu góð. Margir komust heldur ekki núna, svo það voru engir tónleikar. Þrír slagverksnemendur úr Grundarfirði tóku þátt. Vegna plássleysis fengum við að nota „kálfinn“ (sem er núna orðin félagsmiðstöð.)

8. maí – Vortónleikar í Stykkishólmskirkju

Fimmtudagskvöld voru vortónleikar í kirkjunni. Fram komu Litla Lúðró, Gemlingasveitin, Stóra Lúðró og Víkingasveitin. Kynnir var Jón Dagur Jónsson. Tveir nemendur úr Snæfellsbæ og tveir úr Grundarfirði spiluðu með. Litla Lúðró spilaði *Rokk, Tröllumarsj, Nem Kwela og Trúðadans*. Gemlingasveitin spilaði *Sultublús, Hólmurinn, Þorrasnarl, Stígvélalagið og Lúðrasveitarsamba*. Víkingasveitin spilaði *Reodors Ballade og Hug Pine*. Stóra Lúðró spilaði *Smoke on the Water, Three Bach Miniatures, Final Countdown og Boller, kaker og brus*.

14. maí – Litla Lúðró og hljóðfærakynning fyrir GSS

Á miðvikudagsmorgni mættu allir nemendur úr 1-4. bekk í tónlistarskólann. Litla Lúðró spilaði tvö lög, *Rokk og Trúðadans*. Nokkrir nemendur og kennarar sýndu svo nokkur hljóðfæri og spiluðu.

3. júní – Þvottadagur

Föstudaginn 7. júní voru allir málmblásturs- og trommunemendur sem eru í lúðrasveit boðaðir á þvottadag. Kl. 13:00-15:00 voru lúðrar settir í bað. Síðan var borðað ís áður en hljóðfærin voru þússuð, þurrkuð og sett saman aftur.

17. júní – Stóra Lúðró í skruðgöngu

Á þjóðhátíðardaginn var skruðganga niður Skólastíg í átt að höfninni, síðan upp Hafnargötu og Aðalgötu og inn í Hólmgarð. Stjórnandi var Martin, en Haffi spilaði með. Lögin sem voru spiluð: *Öxar við ána*, *Hafið bláa hafið*, *Á Sprengisandi*, *Prinsessumars*, *Það er komin 17. júní* og *Boller, kaker og brus*. Í Hólmgarðinum voru spiluð þrjú lög.

Einnig hefur...

- Litla Lúðró æft frá 16:30 - 17:00 á hverjum þriðjudegi.
- Gemlingasveit æft frá 15:30 - 16:30 á hverjum fimmtudegi.
- Stóra Lúðró æft frá 16:44 - 17:30 á hverjum fimmtudegi.
- Víkingasveitin æft frá 17:45 - 18:30 á hverjum fimmtudegi.

Stykkishólmi, 17. júní 2025

Anastasia Kiakhidi og Martin Markvoll